

Sp. 150. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um könnun á launavinnu framhaldsskólanema.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir,
Sturla Böðvarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
Sighvatur Björgvinsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna hvernig háttað er vinnu framhaldsskólanema meðfram námi. Kannaðir verði eftirfarandi þættir:

- fjöldi vinnustunda á viku,
- hvenær sólarhrings störfín eru unnin,
- kjör og réttindi námsmanna í launavinnu,
- ástæður þess að nemar vinna launuð störf með námi.

Greinargerð.

Tímasókn og heimavinna í framhaldsnámi er flestum ærin vinna og jafnast á við fulla dagvinnu að viðbætti auka-, helgar- og jafnvel næturvinnu, þegar svo stendur á. Það er þó engin nýlunda að námsmenn vinni launuð störf meðfram námi í lengri eða skemmri tíma og geta ýmsar ástæður legið að baki, tímabundin fjárþörf eða bágar heimilisástæður. Slíkt hefur fremur heyrt til undantekninga og hlýtur að teljast óæskilegt með öllu.

Það er verulegt umhugsunar- og áhyggjuefni að svo virðist sem launavinna framhaldsskólanema færist sífellt í vöxt. Skyndikannanir í einstökum skólum benda til þess að í efstu bekkjunum vinni allt að 70% nemenda launuð störf meðfram námi, nokkrir þeirra meira en 20 klukkustundir á viku, og þarf ekki að fara í grafgötur með það hver áhrif það hlýtur að hafa á námsárangur og þátttöku í félagslífi skólanna.

Það er fremur ótrúlegt að knýjandi ástæður reki mikinn fjölda framhaldsskólanema til launavinnu með námi, en hverjar sem ástæðurnar eru er nauðsynlegt að vita þær og reyna að bregðast við þessari þróun með einhverju móti.

Ef það er raunin að til séu þeir framhaldsskólanemar, sem vinna allt að 30 stundir á viku með fullu námi, skila þessir nemendur um 70 vinnustundum á viku. Getur þá hvorki gefist mikill tími til heimanáms né til þátttöku í félagslífi sem einnig stuðlar að þroska og lífsfyllingu þessara ungmenna. Eitthvað hlýtur undan að láta og það vill þá oft verða námið. Stundum flosna þessir einstaklingar upp frá námi, en oftast verða afleiðingarnar þær að námið tekur lengri tíma en ella þyrfti, mikið verður um endurtekna áfanga eða að nemendur rétt ná að skríða í gegnum próf og koma því illa undirbúnir til náms í öðrum skólum eða til starfa á öðrum vettvangi. Ef til vill má skoða slakan árangur á fyrsta ári í Háskóla Íslands að einhverju leyti í ljósi þessara staðreynda.

Leiða má getum að því hverjar séu helstu orsakir þessarar þróunar. Það er t.d. nokkuð augljóst að mat samfélagsins á menntun hefur áhrif á viðhorf ungs fólks. Menntun er heldur lítið metin til launa og í seinni tíð hefur lítið farið fyrir umræðum um lífsfyllingu í starfi, heldur er gildi þessa fyrst og fremst mælt í krónum. Þó eru prófskírteinin talin nauðsynlegur aðgöngumiði að ýmsum leiðum í starfi og námi, en óþarft þykir að fórn til þess öllum lífsins lystisemdum. Enda dynja áreitin á unga fólkinu úr öllum áttum, kröfur um tískufatnað, hljómflutningstæki, ferðalög, jafnvel bíla. Fordæmin skortir svo sannarlega ekki. Fullorðið fólk hlýtur að líta í eigin barm og íhuga hvort neyslukapphlaup hinna eldri hafi smitað svo ungmennin að þau telji nauðsynlegt að vinna allt að 30 klukkustundir á viku með skólanámi til þess að fjármagna óhófseyðslu sem foreldrar þeirra eru skiljanlega ekki tilbúnir að greiða fyrir þau. Sé svo þá er eitthvað meira en lítið bogið við það verðmætamat sem við innrætum ungu kynslóðinni og þá er ástæða til að staldra við og hugsa okkar gang.

Okkur hlýtur að vera kappsmál að fá að vita hvað rekur stóran hluta framhaldsskólanna til þess að vinna launavinnu með námi og þess vegna er þessi tillaga borin fram á Alþingi. Flutningsmenn telja einnig nauðsynlegt að fá fram í dagsljósið hvort þessir einstaklingar njóta kjara og réttinda í samræmi við vinnuframlag sitt eða hvort hér er verið að ganga á lagið og notfæra sér ódýran vinnukraft.

Þegar niðurstöður eru fengnar verður að meta hvort og hvernig unnt er að bregðast við þeirri þróun sem að mati flutningsmanna er veruleg ógnun við þau markmið framhaldsskólanna að skila hæfum og vel menntuðum einstaklingum út í þjóðfélagið og til enn meira náms.